

Byggingarlýsing:

A. Almenn atriði.
Suðurbakki 18, Grímsnes- og Grafningshrepp
Landnúmer: L212143

B. Notkun og starfsemi
Húsin eru einnar hæðar frístundahús og gestahúsi í notkunarflokki 3. Húsin eru timburhús byggð á staðnum, sett á staðsteypta sökkla með steyptri plötu.

C. Fjöldi hæða
Frístundahús 150,0 m² 546,8 m³
Gestahús 33,1 m² 110,9 m³

D. Stærð lóðar
Stærð lóðinnar er 6.127,0m², 2 bílastæði eru fyrir norðan við húsið samkv. afstöðumynd. Lóðanýting er samtals 0,03.

E. Almenn um burðarþol
Gólf og sökklar eru staðsteypt, húsin eru grunduð á púða. Útveggir eru gerðir úr 45x145mm timburstöðum, þak er gert úr 45 x 250mm þaksperrum c/c 600 sem hvíla á útveggjum.

F. Frágangur ytra klæðningar:
Útveggjagrind er klædd að utan með 9mm vindgísplötum, lóðréttir 22x45 loftunarlistar, láréttir 22x45 listar og standandi ál og timburklæðning. Innan á útveggjagrind kemur rakavarnarlag 0,2mm, 35x45 rafmagnsgrind, utan á er 12mm OSB og 13mm trefjagísplötur. Gluggar og hurðir eru ál/tré gluggar með k- gleri. Loftbili á milli glerja er 12mm í föstum körmum en 9mm í opnanlegum fögum og hurðum. Útihurðir: Inngönguhurð (aðalhurð) skal vera gerð fyrir a.m.k. 0,90m breiðar og 2,10m háar hurðir (0,83m x 2,07m ljósop). Svalahurðir skulu vera gerð fyrir a.m.k. 0,84m breiðar og 2,02m háar hurðir (0,80m x 2,00m ljósop). Þökin eru einhallabök, klætt að ofan með 2x þakpappa, jarðvegsdúk og állklæðningu. Þakrennur og niðurföll eru utanálíggjandi. Neðan á þaksperrur kemur rakavarnarlag 0,2mm, 9mm OSB plötur, 35x70 rafmagnsgrind og 13mm gísplötur. Litir

Álútveggjaklæðning: Dökkgrár litur.
Timburútveggjaklæðning: Viðarlitur.
Gluggar/állistar í gluggum í útvegg: Dökkgrátt.
Þak: Dökkgrátt

G. Handrið: Á ekki við.

H. Einangrun og U-gildi:
Sökklar eru einangraðir með 2x50mm einangrun og undir plötu með 100mm einangrun. Útveggir eru einangraðir með 145mm steinull inn í grind. Þak er einangrað með 225 mm steinullareinangrun á milli þaksperra.

Þak	0,19 W/m ² K
Útveggir	0,26 W/m ² K
Gólf	0,19 W/m ² K
Vegló meðaltal húsin	0,51 W/m ² K

I. Gerð innveggja og hurða.
Veggur milli íbúða:
Milliveggir:

A veggur: gerðir úr 45x70mm álstöðum klæddir með13mm trefjagísplötum og 12mm OSB plötum báðum megin, einangraðir með 100mm steinullareinangrun til hjóðeinangrunar þar sem það á við.

B veggur: gerðir úr 45x95mm timburstöðum klædir með 13mm gísplötum og 12mm OSB plötum báðum megin, einangraðir með 125mm steinullareinangrun til hjóðeinangrunar þar sem það á við. Á vegg við eldhúð, sturtu og salernissvæði er bætt við 12mm OSB plötu til að hengja upp skápa og nauðsynlegan stuðningsbúnað

Innihurð:
Innihurðir eru hefðbundnar spónlagðar timburhurðir, nema annað komi fram á teikningum arkitekts. Innihurðir skulu hafa hindrunarlauða umferðabreidd minnst 0,80m breiðar og 2,00m háar hurðir og vera þröskuldalausar.

J. Kerfislöft eða uppbyggð gólf. Niðurtekíð loft er í herbergjum og baðherbergjum, hæð frá endanlegu gólfi er 2,40m. Ramminn er gerður úr 45x95mmm klæddur að neðan með 13mm gísplötum.

K. Lagnaleiðir, upphitun og loftræsting.
Húsin eru hituð upp með gólfhita. Gólfhitalagnir eru lagðar í steinsteypta plötu. Stofnar eru teknir í hvert rými frá inntaksstað. Neysluvatn kemur frá vatnsveitu. Inntak fyrir kalt og heit vatn er í geymslu í gestahúsi. Lagnaleiðir neysluvatnslagna er um létta innveggi og í gólf. Neysluvatnslagnir eru úr ryðfríu stáli, einangraðar á hefðbundinn hátt. Frárennsli fer í rotþró innan byggingarreits sem er að minnsta kosti 2200 ltr. Regnvatni af þökum er leitt í jörðu. Frárennislislagirn í jörðu eru plastlagirn.

Inntak raf- og fjarskiptalagna er í geymslu í gestahúsi. Raf og fjarskiptalagnir eru í lagnagrind. Raflagirnir eru lagðar í ídráttarrörum frá inntaksrými í hvert rými fyrir sig.

L. Brunavörn og flóttaleiðir.
Flóttaleiðir eru í gegnum hurðir og björgunarop (600x1000) sem eru í hverju svefnherbergi, slökkvitæki og reykskynjarar eru samkv. teikningu. Eldvarnarmerkingar eru samkv. brunavarnarreglugerð.

Klæðning veggja og lofta er í flokki 1 (krafa flokkur 2) (notkunarflokkur 3).

M. Hjóðvistarkröfur.
Veggir milli herbergja eru 48-52dB og skulu uppfylla hjóðvistarflokk C samkv. ÍST 45

N. Öryggiskerfi. Samtengdir reykskynjarar og handslökkvitæki eru í húsunum.

O. Tæknibúnaður. Tengirör frá aðalstöflu fyrir tengibúnað til hleðslu rafbila er til staðar við hvert bílastæði.

P. Aðgengi og algild hönnun.
Við hönnun húsin var grein 6.11.1 og leiðbeiningar hafðar til hlíðsjónar, einnig er tekið að hluta tillit til algildrar hönnunar við hönnun á húsinu og er gert ráð fyrir snúningshring fyrir hreyfihamlaða í herbergjum.

Kantsteinar að aðkeyrslu verður ekki hærrí en 25mm og það sama gildir um þröskulda úti- og innihurða. Baðinnréttingar og salerni eru vegghengd. Sturtugólf er tekið niður sem nemur einni flísabykkt og hallar 1:50 að gólfniðurfalli. Annars er gólfhalli í baðherbergi 1:100. Miðað er við snúningssvæði Ø1,3m og 1,3m x 1,8m.

Q. Frágangur lóðar. Lóðin skal vera fullfrágengin, gróðursetning á trjáum og runnum skulu vera í samræmi við teikningar.

R. Sorp. Sorpgeymslur eru staðsettar norðan megin við húsið. Sorpi skal skila skv. reglum sveitafélagsins.

Greinargerð aðalhönnuðar
Suðurbakki 18, Grímsnes- og Grafningshrepp
Landnúmer: L212143

Inngangur:
Húsin við Suðurbakka 18, er einnar hæða frístundahús og gestahús, í notkunarflokki 3. Húsin eru gerð úr timburgrindum byggð á staðnum, sett á staðsteypta sökkla með steyptri plötu.

Forsendur hönnunar:
Hanna frístundahús á einni hæð með gestahúsi. Húsin eru hönnuð með tilliti til gr. 6.11.1.

Kröfur:
Byggingin skal uppfylla meðal annars eftirfarandi kröfur:

- Lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum.
- Byggingareglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum.
- Leiðbeiningar HMS sem settar eru samkvæmt byggingarreglugerð.
- ÍST 66

a: Aðgengi:
Aðaláðkoma er frá bílastæðum norðan við húsið.Tekið er tillit til algildrar hönnunar, hjólastóll getur rúmast í öllum rýmum og hurðir á baði og herbergjum eru 80cm breiðar. Breidd á útihurðum er 0.90m (hurðarflekar). Þröskuldur við inngangsdyr/ útidyr, svala- og garðururð skal ekki vera hærrí en 25 mm, innihurðir skulu vera þröskuldslausar. Tengirör frá aðalstöflu fyrir tengibúnað til hleðslu rafbila skal vera til staðar við hvert bílastæði samkvæmt gr. 6.7.1.

b: Einangrun og raki
Við ákvörðum á U-gildi byggingarinnar er stuðst við töflu 13.01 í 13 kafla byggingarreglugerðar og skal leiðnitap byggingarhluta ekki vera hærra en getið er í töflunni. Húsin eru timburhús á steyptum sökkli með steyptri plötu. Sökklar eru einangraðir m. 50mm einangrun að utan og innan upp í plötu hæð til að ekki myndist kuldaþrú við samskeyti plötu og sökkuls. Undir plötu er einangrað með 100mm einangrun. Útveggir eru úr timburgrind, einangrað með 145mm einangrun í grind. Þak er sperruþak, einangrað er á milli sperra með 225mm þakull með áföstum vindpappa. Gler í gluggum er gasfyllt K gler.

Niðurstaða útreikninga á U-gildi byggingarhluta sýnir eftirfarandi:

Gólf:	0,19 W/m2/K	(Hámark 0,30 W/m2/K)
Léttur útveggur:	0,26 W/m2/K	(Hámark 0,30 W/m2/K)
Þak:	0,19 W/m2/K	(Hámark 0,20 W/m2/K)

Heildar leiðnitap frístundahússins er: 5.092W (Hámark 6.264W), eða 81.3% af leyfilegu hámarki.

Heildar leiðnitap gestahússins er: 1.695W (Hámark 2.256W), eða 75.1% af leyfilegu hámarki.

Við ákvörðun um raka og vindvarnir er stuðst við töflu 13.03 um íbúðarhúsnæði í kafla 13.4. Til rakavarnar er burðargrind og þakeininga klæddar að innan með rakavarnarlagi (plastdúk) límt saman með víðeigandi límbandi. Grind er klædd að utan með 9mm plötum sem geta hleypt raka í gegnum sig. Loftræsting á þak er samkvæmt grein 10.5.5 í byggingarreglugerð: loftunarop inn og út úr hverju loftbili skal vera minnst 1.000 mm² fyrir hvern m² þakflatar. Loftræsti þörf fyrir þökin er um 3.000mm² eða 2 stk 38mm göt með neti í hvert sperruli hvoru megin.

Við rakavörn þaks er stuðst við viðmiðunarreglu greinar 10.5.4 líð d. Þar er talað um þakpapp minnst 2 lög.

Votrými hafa verið hönnuð með hlíðsjón af grein 10.5.7 líð a, b, c og d. Ákvæði gr. 10.5.7 er náð fram með niðurföllum og vatnshalla, einnig eru gólf máluð með rakavarnarkvoðu ásamt þéttiborðum í kverkum undir flísalög. Veggir í kringum vaska og sturtur/baðörk eru einnig málaðir með rakavarnarkvoðu, minnst 50cm út fyrir vaska og baðrými.

c: Hjóðovist:
Allar byggingar sem tilgreindar eru í grein Br. 11.1.2, 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hjóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Ekki er gerð hjóðvistarþykýrsla fyrir húsið. Aðeins lágmarks kröfur eiga við í þessari byggingu. Húsið stendur við litla umferðargötu og er ekki þörf á sérstökum aðgerðum vegna umferðahljóós. Veggur milli herbergja er gerður úr tvöfaldrí grind einangraðir með 2x 100mm einangrun. Hjóðgildi veggis er 48-52dB.

d: Brunahönnun.
Húsið er ekki brunahannað. Fylgt er viðmiðunarreglum byggingareglugerðar og leiðbeiningum Brunamálastofnunar nr.153 BR1. Veggja- og loftklæðningar eru í flokki 1. Flóttaleiðir eru annarsvegar um aðalinngönguhurð og hinsvegar um svalahurð og björgunarop í herbergjum. Reykskynjarar skulu vera í öllum herbergjum og handslökkvitæki er í anddyri.


e: Burðarþol
Sökklar og botnplata eru úr steinsteypu. Burðarvirki útveggja er timburgrind sem stífuð er af með OSB plötum. Þak er sperruþak sem stífað af með krossvið. Burðarvirki mannvirkja skulu reiknuð og hönnuð þannig að þau geti með öryggi staðist það álag, bæði stöðufræðilegt og hreyfifræðilegt, sem þau kunna að verða fyrir. Um hönnun og útreikninga á grundun og burðarvirkjum gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar (Eurocodes) ásamt íslenskum þjóðarviðaukum.

f: Loftræsting.
Loftræsting er náttúruleg um opnanlega glugga, lokuð rými eru loftræst á vélrænan hátt. Útsog skal vera í eldhúsi 30 l/s, Baði 15 l/s og þvottaherb. 20l/s í samræmi við gr 10.2.5.

g: Lagnir.
Hitastig á neysluvatni skal ekki vera hærra en 60°C úr krönum. Öryggisbúnaður skal sjá til þess að hiti fari ekki yfir 65°C samkvæmt gr. 14.5.10.


h: Lýsing.
Gert er ráð fyrir hefðbundinni heimilislýsingu. Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin ýmist utanálíggjandi eða innfelld og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins. Ekki er gert ráð fyrir neyðarlýsingu eða sérstakri lýsingu á lóð.

i: Öryggismál.
Við hönnun byggingarinar var gengið út frá kafla 12.1 til að skapa almennt öryggi í og við bygginguna. Ekki er hæðarmunur í byggingunni. Gler í gluggum sem ná neðar en 60cm frá gólfi og í svalahurðum skal vera öryggisgler í samræmi við kafla 12.4, þykkt á gleri fer eftir stærð glerja (sjá leiðbeiningar frameiðenda). Til varnar brunaslysum eru inntök fyrir heitt vatn og deilikassar hafðir í lokuðum skápum í samræmi við kafla 12.5. Gagnvart hættu á eitrun skal læstur skápur fyrir lyf og þvottaefni vera í húsinu í samræmi við kafla 12.8. Til að minnka slyshættu á lóðinni er yfirborð lóðar er tyrt og göngustigar og bílastæði lögð með grófu malbiki í samræmi við kafla 12.10. Engin leiktæki, vélknúin hlíð eða grindur, engar tjarnir, setlaugar eða gryfjur eru á lóðinni sem geta valdið slyshættu. Brunamál. gr. 9.7.3. Yfirborðsflétir útveggja í einnar hæðar byggingum skulu að lágmarki vera klæddir með klæðningu í flokki 2. Merkingar á reykskynjurum og slökkvitækja eru á grunnteikningu. Eldvarnarmerkingar eru samkvæmt brunavarnarreglugerð. Flóttaleiðir eru samkvæmt byggingarreglugerð.



Yfirlitsmynd

1 : 4000



Suðurbakki 18

Grímsnes- og Grafningshreppur

Byggingarlýsing, yfirlitsmynd, afstöðumynd

Hannað / Teiknað: FF/EA **Verknúmer:** 2309

Mælikvarði: 1 : 500, 1 : 4000 **Dagsetning:** 05.05.2023


Teikn.nr. 100

Aðalhönnuður:
Fríðrik Friðriksson arkitekt Faí, Kt: 211256-4519


Studio F - arkitektar

Reykjavíkurvegur 66, 220 Hafnarfjörður
Kt:430707-1670 Sími:571 0202 / 864 9610 Netfang:fridrik@studiof.is


HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMBYKKI



Norður



Suður




Snið C




Vestur




Austur



Snið A



Snið B



Snið D

Suðurbakki 18
Grímsnes- og Grafningshreppur
Útlit, snið

Hannað / Teiknað: FF/EA
Mælikvarði: 1 : 100

Verknúmer: 2309
Dagsetning: 05.05.2023

Teikn.nr. 102

Aðalhönnuður:
Friðrik Friðriksson arkitekt Faí, Kt: 211256-4519

Studio F - arkitektar

Reykjavíkurgvegur 66, 220 Hafnarfjörður
Kt:430707-1670 Sími:571 0202 / 864 9610 Netfang:fridrik@studiof.is

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMBYKKI

